

Mál nr. 103/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ökumannstryggingar

Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið út af vegi í Kópavogi þ. 2.10.2005

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.3.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 21.3.2011

Málsatvik.

M missti stjórn á bifreið sem hann ók og lenti bifreiðin utan vegar við eldsneytisstöð Orkunnar í Kópavogi. M komst af sjálfsdáðum út úr bifreiðinni og sagðist ekki hafa verið spenntur í öryggisbelti og kvaðst kenna til lítilsháttar meiðsla í hálsi. Í lögregluskýrslu kemur fram að rætt hafi verið við lækni á slysadeild sem kannaði meiðsli M og sagði hún að M væri með minni háttar tognun á hálsi og baki. M gerir nú kröfu til þess að úrskurðað verði að hann eigi skaðabótakröfu á hendur V vegna líkamstjóns sem hann hafi orðið fyrir í umræddu umferðaróhappi og leggur fram matsgerð og vottorð þriggja lækna vegna þeirrar kröfu. Í matsgerð dags. 29.10.2010 kemur fram að M segist glíma við hreyfiskerðingu og verki í hálsi og baki og fái stundum leiðniverki út í ganglimi. Þá segist M oft eiga erfitt með svefn og segist glíma við einbeitingarvandamál. Niðurstaða matsgerðarinnar er að M hafi orðið fyrir varanlegum miska 15 af hundraði og varanlegri örorku 15 af hundraði. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að M hafi leitað til læknis strax eftir slysið og síðan aftur á slysadeild í maí 2006 og segist vera búinn að taka hraustlega á því í vinnunni og var með eymsli á vinstra hné. V vísar síðan til matsgerðar þeirrar sem liggur fyrir í málinu og segir þar um einhliða matsgerð sem unnin hafi verið fyrir lögmann M og hafnar því að hún verði lögð til grundvallar. Þá telur V að ekki komi fram sönnun á orsakatengslum milli einkenna M sem hann kvartar yfir á árinu 2010 og umferðarslyssins þ. 2.10.2005. V telur að M hafi ekki sannað að hann hafi orðið fyrir því líkamstjóni í umferðarslysinu sem byggt er á í matsgerð þeirri sem liggur fyrir í málinu.

Álit.

Að virtum öllum gögnum málsins er ekki hægt að fallast á það að M hafi tekist að sanna að orsakatengsl séu milli umferðarslyssins þ. 2.10.2005 og þess líkamstjóns sem metið er í matsgerð Björns Daníelssonar lögfræðings og Sigurjóns Sigurðssonar læknis dags. 29.10.2010. M á því ekki rétt á bótum úr ökumannstryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ökumannstryggingu hjá V.

Reykjavík 19.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.